

Heimilisfang: Egilsbraut 35, 815 Þorlákshöfn

Aðalsímanúmer skólans: 480-3850

Netfang: skolinn@olfus.is

Heimasíða: <http://grunnskolinnaiborlakshofn.is/> **Afgreiðslutími skrifstofu:** 7.30-15:10

Efnisyfirlit:

Inngangur	4
Skóladagatal Grunnskólans í Þorlákshöfn 2018-2019 og skýringar.....	4
Stjórnskipun skólans:.....	6
Starfsfólk.....	6
Aðrir sem koma að starfi grunnskólans	7
Tilhögun kennslu og skipulag skólstarfs	8
Námsmat skipulag.....	8
Hagnýtar upplýsingar	9
Á leið til og frá skóla.....	9
Heilræði um skólatöskur.....	9
Útivistartími barna.....	9
Miðlun upplýsinga og samstarf heimilis og skóla	9
Mætingar, forföll og leyfi.....	10
Óveður/ófærð.....	10
Mötuneyti	10
Nesti.....	11
Fatnaður.....	11
Hjól.....	11
Óskilamunir.....	11
Skólabókasafn.....	11
Rýmingaráætlun	11
Stefna og einkunnarorð Grunnskólans í Þorlákshöfn.....	13
Vinátta – Virðing – Velgengni	13
Skólastefna Sveitarfélagsins Ölfuss:	13
Læsisstefna	14
Skólaráð.....	14
Nemendaverndarráð	15
Sérfræðipjónusta.....	16



Skólaheilsugæsla	16
Foreldrafélag	16
Stjórn foreldrafélagsins.....	16
Samstarf leikskóla og grunnskóla	17
Frístund – lengd viðvera	17
Nemendur	18
Val nemenda í 8. - 10. bekk.....	18
Skólakór	18
Náms- og starfsráðgjafi.....	19
Félagslíf nemenda	19
Nemendafélag. Lög um grunnskóla 2008 nr. 91 12. júní 10. gr.....	19
Nemendaráð	19
Íþróttaráð.....	20
Stoðþjónusta skólans.....	21
Stuðningur og sérkennsla	21
Skimanir 2018 -2019	21
Bjarg	22
Nemendateymi	22
Sjálfsmat – Innra mat	23
Skólareglur.....	25
Almennar reglur	26
Meðferð agamála.....	27
Símenntunaráætlun.....	28



Inngangur

Samkvæmt 29. gr. grunnskólalaga ber hverjum grunnskóla að gefa út skólanámskrá og starfsáætlun. Skólastjóri er ábyrgur fyrir gerð þeirra og skal semja þær í samráði við kennara. Skólanámskrá er nánari útfærsla á Aðalnámskrá grunnskóla um markmið, inntak náms og námsmat, starfshætti og mat á árangri og gæðum skólstarfs. Skólanámskrá tekur mið af sérstöðu grunnskóla og aðstæðum og skal endurskoða reglulega.

Skóladagatal Grunnskólans í Þorlákshöfn 2018-2019 og skýringar

Samband Íslenskra sveitarfélaga **Skóladagatal 2018 - 2019** Nafn skóla:

AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ
1. M	1. L	1. M	1. F	1. L	1. M	1. F	1. M	1. F	1. M	1. F
2. F	2. S	2. S	2. F	2. S	2. S	2. L	2. L	2. M	2. F	2. S
3. F	3. M	3. M	3. L	3. M	3. F	3. S	3. S	3. M	3. F	3. M
4. L	4. Þ	4. F	4. S	4. Þ	4. F	4. M	4. M	4. F	4. L	4. Þ
5. S	5. M	5. F	5. M	5. M	5. L	5. Þ	5. Þ	5. F	5. S	5. M
6. M	6. L	6. L	6. Þ	6. F	6. M	6. M	6. M	6. L	6. M	6. F
7. Þ	7. F	7. S	7. M	7. F	7. M	7. F	7. F	7. S	7. Þ	7. F
8. M	8. L	8. M	8. F	8. L	8. Þ	8. F	8. F	8. M	8. M	8. L
9. F	9. S	9. Þ	9. F	9. S	9. M	9. L	9. L	9. Þ	9. F	9. M
10. F	10. M	10. M	10. L	10. M	10. F	10. S	10. S	10. M	10. F	10. M
11. L	11. Þ	11. F	11. Þ	11. Þ	11. F	11. M	11. M	11. F	11. L	11. Þ
12. S	12. M	12. M	12. F	12. M	12. L	12. Þ	12. Þ	12. M	12. S	12. M
13. M	13. F	13. L	13. Þ	13. F	13. S	13. M	13. M	13. L	13. M	13. F
14. Þ	14. F	14. S	14. M	14. F	14. M	14. F	14. F	14. S	14. Þ	14. F
15. M	15. L	15. M	15. F	15. L	15. Þ	15. F	15. F	15. M	15. M	15. L
16. F	16. S	16. Þ	16. F	16. S	16. M	16. L	16. L	16. Þ	16. F	16. M
17. F	17. M	17. L	17. M	17. F	17. F	17. S	17. S	17. M	17. F	17. M
18. L	18. Þ	18. F	18. S	18. Þ	18. F	18. M	18. M	18. F	18. L	18. Þ
19. M	19. M	19. M	19. L	19. M	19. Þ	19. S	19. S	19. M	19. F	19. M
20. M	20. F	20. L	20. Þ	20. F	20. S	20. M	20. M	20. L	20. M	20. F
21. Þ	21. F	21. S	21. M	21. F	21. M	21. F	21. F	21. S	21. Þ	21. F
22. M	22. L	22. M	22. F	22. L	22. Þ	22. F	22. F	22. M	22. M	22. L
23. S	23. S	23. Þ	23. F	23. M	23. L	23. L	23. L	23. Þ	23. F	23. S
24. F	24. M	24. L	24. M	24. F	24. F	24. S	24. S	24. M	24. F	24. M
25. L	25. Þ	25. F	25. S	25. M	25. Þ	25. M	25. M	25. L	25. M	25. Þ
26. S	26. M	26. F	26. M	26. L	26. M	26. L	26. L	26. Þ	26. F	26. S
27. M	27. F	27. L	27. M	27. F	27. S	27. M	27. M	27. L	27. M	27. F
28. Þ	28. F	28. M	28. F	28. M	28. L	28. F	28. F	28. S	28. M	28. Þ
29. M	29. L	29. M	29. F	29. L	29. Þ	29. F	29. F	29. M	29. M	29. L
30. F	30. S	30. Þ	30. F	30. S	30. M	30. L	30. L	30. Þ	30. F	30. M
31. F	31. M	31. M	31. F	31. M	31. L	31. S	31. S	31. F	31. L	31. M

Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands skulu skóladagar nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru fimm og skulu ákveðnir af skólastjóra í samráði við kennara og með hlöðsjón af kjarasamningum. Starfsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru 8.

7. ágúst: Skólastjórnendur mæta til starfa

8. ágúst: Húsvörður mætir til starfa.

13. ágúst: Almennt starfsfólk mætir til starfa.

13. – 14. ágúst: Endurmenntunardagar og kennarar á námskeiðum

13. ágúst: Skrifstofa skólans opnar eftir sumarfrí.

15. – 21. ágúst: Starfsdagar. Undirbúningur kennslu og vinnufundir vegna námsmats o.fl verkefna.

***22. ágúst:** Skólasetning í sal skólans. Nemendur í 1.-5. bekk og foreldrar þeirra mæta kl. 9.30. Nemendur í 1. bekk og foreldrar þeirra verða boðaðir sérstaklega í viðtöl. Nemendur í 6.-10. bekk og foreldrar þeirra mæta kl. 10:30.

23. ágúst: Haustönn hefst samkvæmt stundaskrá.

11. september: Nemendum í 10. bekk gefst kostur á að endurtaka samræmt próf í íslensku frá því í vor.

12. september: Nemendum í 10. bekk gefst kostur á að endurtaka samræmt próf í ensku frá því í vor.

20. september: Samræmd könnunarpróf í 7. bekk, íslenska.

21. september: Samræmd könnunarpróf í 7. bekk, stærðfræði.

26. september: Evrópski tungumáladagurinn.

27. september: Samræmd könnunarpróf í 4. bekk, íslenska.



- 28. september:** Samræmd könnunarpróf í 4. bekk, stærðfræði.
- 5. október:** Starfsdagur, haustþing Kennarafélags Suðurlands.
- 18. október:** Haustfrí. Lokað í Frístund
- 19. október:** Haustfrí. Lokað í Frístund
- *7. nóvember:** Foreldraviðtalsdagur, opið í Frístund
- 8. nóvember:** Baráttudagur gegn einelti – Dagskrá í tilefni dagsins og verkefni í vikunni.
- 16. nóvember:** Dagur íslenskrar tungu – Dagskrá í tilefni dagsins eða í vikunni. Nemendur í 7. bekk hefja undirbúning Stóru upplestrarkeppinnar og nemendur í 4. bekk hefja undirbúning Litlu upplestrarkeppinnar.
- 20. nóvember:** Dagur mannréttinga barna.
- 29. nóvember:** Jólakvöldvaka hjá yngsta stigi 1. – 4. bekkur kl. 17:30.
- 6. desember:** Jólakvöldvaka hjá miðstigi 5. – 7. bekkur kl. 17:30
- 13. desember:** Jólakvöldvaka, hátíðarkvöldverður og ball hjá elsta stigi 8. – 10. bekk kl. 18:00 – 22:00.
- *20. desember:** Kertadagur
- 21. desember:** Jólaleyfi hefst.
- 3. janúar:** Kennsla hefst aftur eftir jólaleyfi skv. stundaskrá. Frístund opin.
- 24. janúar:** Starfsdagur vegna undirbúnings foreldradags. Nemendur eru í frí þennan dag. Opið í Frístund.
- *25. janúar:** Foreldradagur þar sem foreldrar/forráðamenn og nemendur koma í viðtöl til umsjónarkennara.
- 30. janúar:** Starfsdagur.
- *31. janúar:** Foreldraviðtalsdagur.
- 1. febrúar:** Dagur stærðfræðinnar.
- 25. febrúar:** Vetrarfrí. Frístund lokuð.
- 26. febrúar:** Vetrarfrí. Frístund lokuð.
- 6. mars:** Öskudagur. Skemmtilegur uppbrotsdagur í skólanum.
- 12. mars:** Samræmd könnunarpróf í 9. og 10. bekk, íslenska.
- 13. mars:** Samræmd könnunarpróf í 9. og 10. bekk, stærðfræði.
- 14. mars:** Samræmd könnunarpróf í 9. og 10. bekk, enska.
- 24. mars -2. apríl:** Páskafrí. Opið í Frístund í dymbilviku ef aðsókn er næg.
- 1. – 5. apríl:** Skólabúðir. 7. bekkur fer með umsjónarkennara að Reykjum í Hrutafirði.
- 13. apríl:** páskaleyfi hefst.
- 23. apríl:** Kennsla hefst samkvæmt stundaskrá eftir páskafrí.
- 19. apríl:** Sumardagurinn fyrsti. Almennur frídagur.
- 1. maí:** Verkalýðsdagurinn. Almennur frídagur.
- 2. maí:** Starfsdagur, fyrirhuguð námsferð starfsfólks erlendis
- 3. maí:** Starfsdagur, fyrirhuguð námsferð starfsfólks erlendis
- 14. maí:** Danssýning í íþróttasal.
- 15. maí:** Vorskóli fyrir væntanlega nemendur í 1. bekk.
- 16. maí:** Vorskóli fyrir væntanlega nemendur í 1. bekk.
- 21. maí:** Þorpið, þemaverkefni allra nemenda.
- 22. maí:** Þorpið, þemaverkefni allra nemenda.
- 23. maí:** Þorpið, þemaverkefni allra nemenda.
- Lok maí byrjun júní:** Skólaferðalag 10. bekkjar. Ferðin er skipulögð af nemendum og umsjónarkennurum.
- *4. júní.** Vorhátíð. Skipulögð dagskrá með leikjum o.fl. sem endar á grillveislu.
- 5. júní:** Starfsdagur



*7. júní: Skólaslit og útskrift.

7. - 12. júní: Starfsdagar kennara. Opið í Frístund.

* Skertir dagar þar sem nemendur eru ekki fullan skóladag í skóla.

Ath. að dagsett starfsáætlun skv. skóladagatali er birt með fyrirvara um breytingar. Alltaf geta komið upp óviðráðanlegar aðstæður sem breytt geta dagskránni. Forráðamenn og foreldrar eru beðnir um að taka tillit til þess.

Stjórnskipun skólans:

Stjórnendur

Skólastjóri: Ólína Þorleifsdóttir

olina@olfus.is

Aðstoðarskólastjóri: Jónína Magnúsdóttir

jonina@olfus.is

deildarstjóri stoðþjónustu: Ragnhildur Þorsteinsdóttir

ragnhildur@olfus.is

Starfsfólk

Anna Berglind Júlíadóttir	danskennari
Anna Júlíusdóttir	framhaldsskólakennari
Anna Kristín Gunnarsdóttir	grunnskólakennari
Anna Sigríður Einarsdóttir	starfsmaður í frístund
Anna Sólveig Ingvadóttir	grunnskólakennari
Ágúst Ólason	grunnskólakennari
Ásta Kristín Ástráðsdóttir	grunnskólakennari
Berglind Ósk Haraldsdóttir	stundakennari
Daðey Ingibjörg Hannesdóttir	grunnskólakennari
Elsa Jóna Stefánsdóttir	þroskajálfi
Emma Katrín Garðarsdóttir	framhaldsskólakennari
Erla Sif Markúsdóttir	grunnskólakennari
Garðar Geirfinnsson	framhaldsskólakennari
Gestur Áskelsson	leiðbeinandi
Guðbjörg Bergsveinsdóttir	framhaldsskólakennari
Gyða Sigurðardóttir	grunnskólakennari
Gyða Steina Þorsteinsdóttir	starfsmaður í Frístund
Helga Helgadóttir	grunnskólakennari
Herdís Ragnhildur Einarsdóttir	þroskajálfi
Hólmfríður F. Zoega Smáradóttir	grunnskólakennari
Hrönn Guðfinnsdóttir	grunnskólakennari
Hrönn Sverrisdóttir	grunnskólakennari
Inga Anna Waage	starfsmaður mótuneytis
Ingibjörg Jóhannsdóttir	stuðningsfulltrúi
Ingibjörg Þorleifsdóttir	sérkennari
Ingvar Jónsson	grunnskólakennari
Ingveldur Pétursdóttir	stuðningsfulltrúi



Jensína Kjartansdóttir	starfsmaður mótuneytis
Jónína Magnúsdóttir	aðstoðarskólastjóri
Katrín Guðnadóttir	skólaliði
Kristina Celesova	skólaliði
Lára Hrund Bjargardóttir	framhaldsskólakennari
Lilja Pálsdóttir	skólaliði
Lovísa Rúna Sigurðardóttir	stuðningsfulltrúi
Magnþóra Kristjánsdóttir	grunnskólakennari
Ólafía Helga Þórðardóttir	ritari
Ólína Þorleifsdóttir	aðstoðarskólastjóri
Ragnar Örn Bragson	leiðbeinandi
Ragnhildur Þorsteinsdóttir	deildarstjóri
Rán Gísladóttir	bókavörður
Rebekka Ómarsdóttir	grunnskólakennari
Signý Rós Jónsdóttir	skólaliði
Sigríður Guðnadóttir	framhaldsskólakennari
Sigríður Kjartansdóttir	stundakennari
Sigríður Ósk Jensdóttir	forstöðumaður frístundar
Sigríður Ósk Sigurðardóttir	húsvörður
Sigrún Ásgeirsdóttir	stuðningsfulltrúi/starfsmaður í Frístund
Sigrún Berglind Ragnarsdóttir	framhaldsskólakennari
Sigrún Huld Pálmarsdóttir	stuðningsfulltrúi
Sigprúður Harðardóttir	grunnskólakennari
Torfi Hjörvar Björnsson	grunnskólakennari
Unnur Ásbergisdóttir	náms- og starfsráðgjafi
Unnur Erla Malmquist	grunnskólakennari
Þorbjörg J. Magnúsdóttir	stuðningsfulltrúi
Þórunn Jónsdóttir	skólaliði

Aðrir sem koma að starfi grunnskólans

Berglind Friðriksdóttir	sálfræðingur
Hugrún Vignisdóttir	sálfræðingur
Ásgeir Kristján Guðmundsson	matreiðslumaður
Súsanna María Kristinsdóttir	hjúkrunarfræðingur



Tilhögun kennslu og skipulag skólastarfs

Grunnskólinn í Þorlákshöfn er heildstæður grunnskóli með nemendum frá 1. – 10. bekk. Skólinn er staðsettur í hentugu skólahúsnæði við Egilsbraut 35 í Þorlákshöfn. Skólinn er einsetinn með 14-29 nemendum í hverjum árgangi. Í þeim tveimur árgöngum þar sem nemendur eru 29 eru umsjónarkennarar tveir og kenna þeir saman sem kennarateymi.

1. – 5. bekk er kennt í þeim hluta skólans sem kenndur hefur verið við Suðurvör og 6. – 10. bekk í Norðurvör.

Íþrótt- og sundkennsla fer fram í íþróttamiðstöð bæjarins sem er staðsett við hlið skólans. Skólinn skiptist í þrjú stig, yngsta stig (1.-4. bekkur), miðstig (5. – 7. bekkur) og elsta stig (8. - 10. bekkur). Alls starfa 55 í skólanum og eru 221 nemendur í september 2018.

Tónlistarskóli Árneseinga er staðsettur í húsnæði skólans og þeir nemendur sem stunda tónlistarnám tvinna það saman við skóladaginn.

Kennsluáætlanir í hverri námsgrein hjá hverjum árgangi er að finna í skólanámskrá skólans.

Skóladagurinn hjá nemendum á yngsta stigi (1.- 4. bekkur)

Skóladagurinn hefst kl. 8:00. Fyrri frímínútur (20 mínútur) eru kl. 9.20 og þær seinni kl. 11.00 (10 mínútur). Kennslu lýkur kl. 13.00 alla daga vikunnar. Hádegisverður og útivera (30 mínútur) er hluti af skóladeginum og borða nemendur yngsta stigs kl. 11:50 í matsal skólans og fara í útiveru þegar þeir eru búnir að borða.

Skóladagurinn hjá nemendum á miðstigi (5.- 7. bekkur)

Skóladagurinn hefst kl. 8:00. Frímínútur hefjast kl. 9:20 (20 mínútur) og þær seinni kl. 11.00 (10 mínútur). Hádegisverður og útivera (30 mínútur) er hluti af skóladeginum og borða nemendur miðstigs kl. 12:30 í matsal skólans og fara í útiveru þegar þeir eru búnir að borða. Skóladeginum hjá miðstigi lýkur frá kl. 12:30 – 14:20.

Skóladagurinn hjá nemendum á elsta stigi (8.-10. bekkur)

Skóladagurinn hefst kl. 8:00. Frímínútur (20 mínútur) eru kl. 9.20. Hádegishlé hefst kl. 12:30 (30 mínútur). Skóladeginum hjá elsta stigi lýkur frá kl. 13:00 – 15:10.

Námsmat skipulag

Í öllum námsgreinum meta kennarar framvindu námsins og hæfni nemenda jafnóðum yfir skólaárið og gefa þeim nemendum sem hafa ekki náð ákveðinni hæfni tækifæri til að bæta sig. Þegar kennarar leggja inn áveðin verkefni eða kannanir liggja til grundvallar ákveðin hæfniviðmið. Þau eru síðan metin jafnóðum og verkefnum lýkur.

Nemendur og foreldrar hafa alltaf aðgang að matinu og mikilvægt er að fylgjast vel með námsmati inni í Mentor. Námsmatið er lifandi og er að breytast reglulega yfir skólaárið og á að vera leiðbeinandi þannig að nemendur og foreldrar viti hvað þarf að leggja áherslu á á hverjum tíma til að ná ákveðnum hæfniviðmiðum.

Lokamat er tekið saman við lok skólaárs. Matið byggir á því mati sem farið hefur fram á skólaárinu og hægt er að sjá á hæfnikortum nemenda í Mentor. Nemendur í 5.-10. bekk fá sitt lokamat í bókstöfum A, B+, B,C+,C og D. Nemendur í 1.-4. bekk fá samanlagða hæfnieinkunn í hverri námsgrein í táknum og orðum.

Lykilhæfni nemenda er metin jafnt og þétt í öllum námsgreinum á skólaárinu. Unnið er að því að setja saman sérstakar áherslur varðandi lykilhæfni sem verður metin sérstaklega út frá lykilhæfniþáttum aðalnámskrár. Í febrúar fá nemendur ásamt foreldrum sínum viðtal hjá umsjónarkennara þar sem farið verður yfir lykilhæfnimat nemandans. Kennsluáætlanir og þau hæfniviðmið sem metin eru í hverri kennslugrein og í hverjum bekk má finna í skólanámskrá skólans sem er á heimasíðu.



Hagnýtar upplýsingar

Hér fyrir neðan má finna ýmsar hagnýtar upplýsingar sem nýtast geta foreldrum og forráðamönnum varðandi skólastarfið.

Á leið til og frá skóla

Skólinn er að öllu jöfnu opinn frá kl. 7:30 og kennsla hefst kl. 8. Í Grunnskólanum í Þorlákshöfn er engin skólabjalla og er hringt inn úr frímínútum og hádegishléi með dómaraflautu.

Foreldrar og forráðamenn eiga að sjá til þess að börn þeirra fylgi umferðarreglum og að öryggi þeirra sé tryggt í umferðinni. Má þar nefna að haga þarf fatnaði og skóbúnaði eftir aðstæðum og notkun endurskinsmerkja skipta miklu þegar rökkva tekur. Þeir sem koma á reiðhjól eiga að nota reiðhjólahljálma (skylda skv. lögum fyrir 15 ára og yngri) og reiðhjól skulu sett í hjólagrindur við skólann eða gengið sé þannig frá þeim að þau hindri ekki umferð gangandi vegfarenda. Öll reiðhjól eiga að vera læst við skólann og notkun þeirra er einungis leyfð á afmörkuðum svæðum á skólalóð á skólatíma.

Sérstök athygli er vakin á því að börn yngri en 7 ára mega ekki koma á reiðhjól í skólann nema í fylgd eldri einstaklings sem hefur þá náð 15 ára aldri. Sömu reglur gilda fyrir rafmagnsvespur og reiðhjól. *Af gefnu tilefni skal það brýnt fyrir nemendum að reiðhjól og vespur eru einungis til afnota fyrir einn í einu.* Nánari upplýsingar má m.a. nálgast á heimasíðu Samgöngustofu.

Heilræði um skólatöskur

Mikilvægt að þyngd og stilling skólatösku sé rétt enda má auðveldlega koma í veg fyrir líkamlega kvilla (vöðvabólgu, verki í baki o.fl.) með réttum forvörnum. Gott er að miða við að þyngd töskunnar fari ekki yfir 1/10 af þyngd barnsins. Ekki ofhlaða töskurnar! Ágætt er að fara reglulega yfir innihald og skipuleggja vel hvað fer í töskuna hverju sinni. Reynslan hefur sýnt að þetta skiptir miklu máli fyrir eðlilega hreyfigetu barnsins. Forðist að setja óvarðar jógúrtðósir, fernur og þess háttar í skólatöskuna.

Útivistartími barna

Börn yngri en 12 ára mega ekki vera úti eftir kl. 20:00 frá 1. september til 1. maí, nema í fylgd með fullorðnum, og ekki eftir kl. 22:00 frá 1. maí til 1. september. Börn 13 ára til 16 ára skulu ekki vera úti eftir kl. 22:00 frá 1. september til 1. maí nema í fylgd með fullorðnum, og ekki eftir kl. 24:00 frá 1. maí til 1. september. Undantekning er frá þessari reglu ef um er að ræða samkomu á vegum skóla eða félagsmiðstöðvar.

Miðlun upplýsinga og samstarf heimilis og skóla

Á heimasíðu skólans birtast reglulega fréttir og upplýsingar um það sem er á döfinni hverju sinni í skólanum. Þar er einnig hægt að nálgast fleiri upplýsingar er lúta almennt að starfsemi skólans, t.d. eyðublöð, myndir o.fl. Foreldrar eða forráðamenn fá að hausti sérstakt eyðublað varðandi myndbirtingu af nemendum og trúnað gagnvart skólastarfinu. Myndir af börnum í hóp annarra barna eru birtar á heimasíðu skólans eða í lokuðum hópum hvernar bekkjardeilda á Facebook ef foreldrar hafa gefið fyrir því heimild á fyrrgreindu eyðublaði. Á Facebook síðu skólans birtast ekki myndir heldur einungis tilkynningar sem berast þurfa foreldrum varðandi skólastarfið.

Upplýsingakerfi Mentors www.mentor.is mikið notað en þar geta foreldrar og forráðamenn nálgast upplýsingar um börn sín, s.s. ástundun, námsmat, stundaskrá, heimanám, dagbókarfærslur o.fl. Starfsmenn skólans senda tölvupóst reglulega til foreldra, m.a. úr Mentor. Umsjónarkennarar senda reglulega tölvupóst til foreldra með helstu upplýsingum hvað varðar bekkjarstarf og áherslur í námi og samskiptum. Einnig geta foreldrar alltaf fengið viðtal við kennara en tímasetningar viðtala eru eftir samkomulagi á dagvinnutíma. Foreldraviðtöl eru tvisvar á skólaári og



miðað við að nemendur komi með foreldrum sínum til viðtals við umsjónarkennara. Aðrir kennarar eru einnig til viðtals á þessum dögum.

Foreldrar og forráðamenn eru hvattir til að nota Mentoraðgang sinn reglulega. Hafi aðgangsorð glatast er hægt að hafa samband við ritara skólans sem útvegar nýtt aðgangsorð.

Lögð er áhersla á jákvæð samskipti og mikilvægt að traust ríki á milli heimilis og skóla. Virk samskipti varðandi það sem betur má fara og það sem þarf að bæta er ávallt nemendum til heilla.

Mætingar, forföll og leyfi

Í skólanum er ætlast til að nemendur farið eftir settum reglum. Nemendum er skylt að mæta í skólann í allar kennslustundir samkvæmt stundaskrá og með öll þau námsgögn sem nota skal hverju sinni. Settar hafa verið sérstakar mætingareglur varðandi seinkomur og veikindi. Þar er tilgreindur sá ferill sem fer í gang þegar nemendur koma ítrekað of seint eða um ítrekuð óútskýrð veikindi er að ræða. Reglurnar má finna á heimasíðu skólans.

Lögð er áhersla á að allir nemendur sinni námi sínu vel, jafnt í kennslustundum sem heima.

Foreldrum/forráðamönnum ber að tilkynna öll forföll eins fljótt og hægt er. Heimilt er að tilkynna **veikindaforföll** inn á netfang skólaritara sem er loa@olfus.is. Einnig er möguleiki á því að tilkynna forföll á Mentor.

Leyfi til tveggja skóladaga getur umsjónarkennari veitt, en leyfi til lengri tíma skulu foreldrar sækja um skriflega til skólastjórnenda á þar til gerðu eyðublaði. Ef nemendur geta einhverra hluta vegna ekki tekið þátt í íþróttum í lengri tíma eða styttri vegna veikinda, ber að skila inn vottorði frá lækni.

Óveður/ófærð

Skóla verður ekki aflýst vegna veðurs eða ófærðar. Foreldrar/ forráðamenn verða sjálfir að meta það hvort þeir senda börn sín í skólann eða ekki. Ef barn er heima vegna veðurs **ber að tilkynna það sem fyrst.**

Grunnskóli og tónlistarskóli 480 3850

Íþróttamiðstöð 480 3890

Bresti á óveður á skólatíma eru foreldrar/forráðamenn vinsamlegast beðnir að sjá um að börnin verði sótt sem fyrst eftir að kennslu lýkur.

Mötuneyti

Í skólanum er mötuneyti. Maturinn er eldaður af Ásgeiri Kristjáni Guðmundssyni matreiðslumanni og starfsmönnum hans í eldhúsi Leikskólans Bergheima. Allflest daga er boðið upp á heitar máltíðir í hádegi og eru lýðheilsuþjálfun og viðmið höfð að leiðarljósi. Þanta verður matinn hjá skólaritara. Hægt er að panta þá daga sem best henta nemandanum. Ef breyta þarf pöntun þarf að gera það fyrir 15. hvers mánaðar. Sendur er greiðsluseðill til greiðanda. Hægt er að fá sérmat fyrir börn með fæðuofnæmi, en skila þarf inn vottorði frá lækni. Boðið er upp á mjólk og morgunhressingu/ávaxtabita sem hægt er að panta hjá skólaritara. Greiðsla fyrir mjólk og ávaxtabita er innheimt með matnum. Verðskrá breytist iðulega í upphafi hvers árs.

Matseðlar eru gerðir reglulega og birtir á [heimasíðu skólans](#).

Lögð er áhersla á að nemendur hafi í heiðri almenna borðsiði og sýni þrúðmannlega framkomu. Starfsfólk skólans borðar iðulega með nemendum til að fylgja því eftir. Nemendur skammta sér sjálfir mat á diskana og er það liður í því að sporna við matarsóun.



Nesti

Nemendum gefst kostur á að kaupa mjólk og ávexti í skólanum og fá nemendur það afhent að loknum löngu frímínútunum. **Ætlast er til að nesti, sem nemendur koma með að heiman sé hollt og næringarríkt.** Mjólk eða ávaxtasafi, brauðsneið með osti og/eða grænmeti og ½ til 1 ávöxtur er dæmi um hollan og góðan nestisþakka.

Fatnaður

Nemendur eiga ekki að vera í yfirhöfnum eða með húfur í kennslustundum. Ætlast er til þess að nemendur komi hreinir og þokkalegir til fara í skólann og séu með viðeigandi hlífðarfatnað fyrir frímínútur og útiveru.

Hjól

Nemendum er frjálst að koma á reiðhjólum eða hlaupahjólum í skólann en þeir skulu leggja þeim í hjólagrindur. Í frímínútum má nota hjólin og hlaupahjólin á sérstökum hjólasvæðum á leikvöllinum. **Nemendur eiga að nota hjálma séu þeir á hjólum/hlaupahjólum í skólanum.**

Óskilamunir

Ef nemendur tapa einhverju s.s. úlpum, skóm, töskum, sund-eða íþróttafötum eru forráðamenn hvattir til að hafa samband við húsvörð. Nauðsynlegt er að **merkja allan fatnað, skó og töskur** sem notað er í skólanum. Skólinn getur ekki tekið ábyrgð á hlutum sem tapast og skal nemendum bent á að vera ekki með peninga eða önnur verðmæti með sér í skólanum. Óskilamunir sem ekki eru sóttir að vori eru gefnir til Rauða krossins.

Skólabókasafn

Á skólasafninu eru bæði skáldsögur og fræðirit. Auk þess eru þar ýmis tímarit einkum ætluð börnum og unglingum, margs konar spil og hljóðbækur.

Bókasafnið er opið á starfstíma skólans. Allir nemendur fá bókasafnskort sem þeir geta notað jafnt á skólasafni og bæjarsafni. Foreldrar eru beðnir um að aðstoða börnin við að varðveita lánsbækur og skila þeim á réttum tíma. **Ef bók tapast ber foreldrum að greiða bókina eða kaupa nýja.** Nemendur fá afhentar skólabækur í skólanum. Skemmi þeir bækurnar eða týni skulu þeir borga fyrir nýja bók.

Rýmingaráætlun

Þegar hættuástand skapast í skólanum vegna elds eða hættu af öðrum völdum getur þurft að rýma skólabygginguna á sem skemmstum tíma. Í öllum kennslustofum og flestum öðrum rýmum skólans er að finna rýmingaráætlun ásamt myndum sem sýna útgönguleiðir og safnsvæði. Einnig eru nafnalistar í kennslustofum yfir þá nemendur sem koma í viðkomandi kennslustofu. Ferill við rýmingu er eftirfarandi:

1. Húsvörður, skólastjórnandi, staðgengill slekkur á bjöllu og athugar hvar og vort eldur sé laus í húsinu.

Ef um eld er að ræða þá er bjallan endurræst. Það er merki um að rýma þurfi húsið.

2. Þegar kennari **heyrir í bjöllumni í annað sinn** þá safnar hann nemendum sínum saman í röð og fer yfir þau atriði sem þarf að skerpa á, leið þeirra út og hvar á að safnast saman.

3. Ef **bjallan fer ekki aftur af stað** þá setjast nemendur niður og kennari heldur áfram kennslu.



4. Muna að taka með; alla nemendur, gögn í vasa á vegg í hverri stofu (kort af skólanum sem sýna aðalinnganga og neyðarútganga ásamt korti af safnsvæði, nafnalisti, rautt og grænt spjald)
5. Ef húsið er rýmt líta skólaliðar inn í allar stofur og WC, ef það er hægt.
6. Á safnsvæði kannar kennari hvort allir séu mættir og réttir í framhaldi upp grænt eða rautt spjald
Ritari staðfestir á safnsvæði mætingu við kennara/starfsfólk
7. Ef veður er vont og bið er á að komast inn í skólann er farið í íþróttahúsið í skjól (þarf að athuga með leiki eða eitthvað til að hafa ofan af fyrir nemendum á meðan beðið er).
8. Skólastjórnendur og húsvörður, eða staðagenglar þeirra, líta eftir því að allt gangi eðlilega fyrir sig.
9. Fulltrúi slökkviliðs aflýsir hættuástandi.

Teikning af útgöngum og brunaboðum:



Teikning af safnsvæði úti:



Stefna og einkunnarorð Grunnskólans í Þorlákshöfn

Vinátta – Virðing – Velgengni



Kennarar setja sér sameiginleg markmið sem er framtíðarsýn skólans. Leitast skal við, eins og hægt er, að samræma leiðir í samskiptum en góð samskipti eru undirstaða vellíðunar á vinnustað. Skólinn er vinnustaður og býr ungt fólk undir framtíð sem er í örri þróun. Það skal því haft að leiðarljósi að hlutverk skólans er að leiða samfélagið en ekki að endurspeglja það. Einkunnarorð skólans endurspeglja þá stefnu sem er höfð að leiðarljósi í skólanum en þau eru vinátta, virðing og velgengni.

Skólaárið 2018 -2019 er fyrirhugað að hefja innleiðingu uppeldsstefnunnar Uppeldi til ábyrgðar. Meginatriði stefnunnar er að kenna börnum og unglingum sjálfsaga, sjálfstjórn og ýta undir sjálfstraust. Uppeldi til ábyrgðar – Uppbygging sjálfsaga (Restitution – Self Discipline) er eins og nafnið bendir til, aðferð við að kenna börnum og unglingum sjálfstjórn og sjálfsaga. Fundin er leið til að láta skólastarf ganga betur með þá vitneskju að leiðarljósi að hver og einn geti aðeins stjórnað sjálfum sér og ekki öðrum. Nemendur fá tækifæri og þjálfun í að líta inn á við, skoða eigið gildismat og láta það stýra framkomu sinni og hegðun allri. Áherslan verður á virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfinu. Til að tryggja öryggi eru skýr mörk skilgreind um óásættanlega hegðun.

Stefna skólans er:

- Að stuðla að vellíðan allra í skólanum
- Að efla félags- og siðgæðisvitund nemenda
- Að nemendur temji sér sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Að nemendur beri virðingu fyrir umhverfi sínu svo og taki ábyrgð á eigin gjörðum
- Að kennsluáferðir, námsefni og námsumhverfi miðist við þroska og getu nemenda
- Að efla samskipti nemenda og starfsfólks innbyrðis svo og samskipti skóla og heimila

Skólastefna Sveitarfélagsins Ölfuss:

- Að skólar séu griðastaður nemenda
- Að í skólum starfi hæft og vel menntað starfsfólk
- Að nám og kennsla taki mið af þörfum allra nemenda
- Að í öllu skólastarfi séu sjónarmið um lýðheilsu í fyrirrúmi
- Að niðurstöður mats á skólastarfi nýtist til umbóta í skólunum
- Að samvinna milli heimila og skóla einkennist af gagnkvæmri virðingu
- Að skólahúsnæði taki mið af fjölbreyttum þörfum nemenda og starfsfólks



- Að nemendur eigi kost á samfelldum vinnudegi þar sem skólastarf og tómstundir mynda samfellda heild
- Að samstarf stofnana sveitarfélagsins sé öflugt og áhersla sé á samnýtingu og samvinnu stofnana sem og einstaklinga
- Að hlúð verði að jákvæðum og góðum skólabrag með því að setja hugtök eins og jafnrétti, lýðræði, samvinnu, umburðarlyndi, gagnkvæma virðingu, réttindi og skyldur í öndvegi

Læsisstefna

Lestur er lykill að öllu námi og því leggja skólar í Ölfusi áherslu á markvissan undirbúning lestrarkennslu í leikskóla og skýra stefnu í lestrarkennslu og þjálfun í grunnskóla. Mikilvægt er að vekja strax áhuga á lestri og viðhalda honum alla skólagönguna.

Á yngsta stigi grunnskólans fer fram málörvun á sömu nótum og í leikskóla. Þá fer einnig fram markviss þjálfun í grunnfærni lestrar og ritunar. Nemendur geti í lok þessa stigs lesið einfalda texta sér til gagns og gamans og miðlað innihaldinu í gegnum ritun eða annað tjáningarform. Þá skulu nemendur lesa upphátt heima a.m.k. fimm sinnum í viku.

Á miðstigi grunnskóla fer fram áframhaldandi lestrarþjálfun í skóla og heima. Nemendur læra að beita fjölbreyttri lestrartækni og lestrarlagi, allt eftir því hvers konar texti er lesinn. Þá fer fram ritunarkennsla samhliða lestrarnáminu og áhersla lögð á fjölbreytta textagerð.

Á unglíngastigi er þjálfun í lestri og ritun haldið áfram og lögð áhersla á að nemendur geti lesið fjölbreytta texta af öryggi og með skilningi. Þeir þurfa að geta valið og beitt mismunandi lestraraðferðum og geta greint ólíkar textagerðir. Á elsta stigi grunnskóla er mikilvægt að nemendur hafi náð góðri færni í ritun og geti tjáð hugmyndir sínar og skoðanir á skipulegan og rökréttan hátt, hvort sem er í töluðu eða rituðu máli.

Á öllum skólastigum er lögð áhersla á það að nota fjölbreyttar aðferðir til að auka orðaforða, málskilning og lesskilning og kenna nemendum að finna upplýsingar, meta þær og nýta á réttan hátt.

Lestarfærni nemenda er metin skipulega alla skólagönguna og snemmtækri íhlutun beitt til að finna nemendur sem eru í áhættu varðandi læsi. Mat á lestrarfærni er ætíð nýtt til að taka ákvarðanir um áframhald lestrarþjálfunar. Umfram allt er öllum ráðum beitt til að vekja og viðhalda lestraránægju nemenda og hvetja þá til lestrar með öllum tiltækum ráðum. Fjölbreyttar bókmenntir auka víðsýni lesenda og veita þeim tækifæri til að kynnast veröldinni frá ólíkum sjónarhornum. Því er góð lestrarfærni grundvöllur allrar menntunar í víðustum skilningi þess orðs. Leikskólinn Bergheimar og Grunnskólinn í Þorlákshöfn hafa sett sett sér sameiginlega læsisstefnu þar sem settar eru fram leiðir til þess að samfella sé í læsina barna frá 1 -16 ára. Lögð er áhersla á fagleg vinnubrögð til að efla málproska og læsi. Lestarnám og málörvun barna er eitt víðamesta samvinnuverkefni heimila og skóla og því er mikilvægt að foreldrar taki virkan þátt og fái leiðbeiningar og aðstoð frá skólunum. Í stefnunni er lögð áhersla á samvinnu og mikilvægi þess að lestur sé jákvæð samvera og mikilvægur hluti af daglegu lífi barna. Einnig eru lagðar fram tillögur að því hvernig best er að styðja við bakið á þeim börnum sem þurfa sérstaka aðstoð. Stefnuna má nálgast í heild sinni á heimsíðu skólans.

Skólaráð

Við grunnskóla skal starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist



almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Skólanefnd, sbr. 6. gr., getur með samþykki sveitarstjórnar falið skólaráðum einstakra skóla ákveðin verkefni þessu til viðbótar. Skólaráð skal skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks í viðkomandi skóla, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra, auk skólastjóra sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Skólaráð velur að auki einn fulltrúa grenndarsamfélags til að sitja í ráðinu eða viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra. Auk þess skal skólastjóri boða til sameiginlegs fundar skólaráðs og stjórnar nemendafélags að lágmarki einu sinni á ári. Fundartími og starfsáætlun skólaráðs á hverju skólaári er ákvörðuð á fyrsta fundi ráðsins og áætlunin er birt eftir það á heimasíðu skólans. Fræðslunefnd sveitarfélagsins getur falið skólaráði sérverkefni sem getur kallað á fleiri fundi en upphaflega var gert ráð fyrir í starfsáætlun en slíkt er ávallt gert í samráði við fulltrúa skólaráðs með fyrirvara.

Skólaráð Grunnskólans í Þorlákshöfn 2018 – 2019

Ólína Þorleifsdóttir skólastjóri
Jónína Magnúsdóttir aðstoðarskólastjóri, ritar fundargerðir
Sigríður Guðnadóttir kennari
Torfi Hjörvar Björnsson kennari
Katrín Guðnadóttir skólaliði
Þuríður Sigurrós Sigurðardóttir foreldri
Ingrún Vala Hlynisdóttir foreldri
Ester Hjartardóttir fulltrúi grenndarsamfélagsins
Helga Ósk Gunnsteinsdóttir 10. bekk, formaður nemendaráðs
Þrúður Sóley Guðnadóttir 10. bekk, varaformaður nemendaráðs
Sigríður Fjóla Þórarinsdóttir 9. bekk, fulltrúi í nemendaráði

Nemendaverndarráð

Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi heilsugæslu, námsráðgjöf og sérfræðiþjónustu og vera skólastjóra til aðstoðar við gerð og framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur.

Í nemendaverndarráði eiga sæti skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, deildarstjóri stoðþjónustu, hjúkrunarfræðingur skólans, náms- og starfsráðgjafi sálfræðingar skólalþjónustu og félagsmálafulltrúi sveitarfélagsins.

Kennarar, foreldrar og nemendur geta leitað til nemendaverndarráðs með málefni nemenda.

Umsjónarkennari þess nemanda sem fjallað er um mætir á fundi nemendaverndarráðs. Auk þess sitja fundi einstaka kennarar eða aðrir sem til eru kallaðir eða hafa óskað eftir að leggja mál fyrir ráðið. Tilvísanir sem berast nemendaverndarráði eru ræddar á fundum ráðsins og teknar ákvarðanir um hvernig taka skal á málum viðkomandi einstaklinga. Allar upplýsingar sem fram koma eru meðhöndlaðar sem trúnaðarmál. Fundað er í nemendaverndarráði að jafnaði einu sinni í mánuði, fyrsta fimmtudag í mánuði.



Sérfræðiþjónusta

Sérfræðiþjónusta Við skólann starfa tveir sálfræðingar á vegum Skólaþjónustu Árnesþings, þær Berglind Friðriksdóttir og Hugrún Vignisdóttir. Foreldrum/forráðamönnum er bent á að hafa samband við umsjónarkennara eða skólastjórnendur óski þeir eftir viðtali við skólasálfræðinga. Óskir um þjónustu sálfræðings koma fyrst og fremst frá kennurum, sérkennurum eða foreldrum/forráðamönnum, en nemendur geta einnig sjálfir óskað eftir viðtali við sálfræðinga skólans. Fylla þarf út þar til gert tilvísanablað og gátlista áður en þjónusta sálfræðinga fer fram. Þá hefur skólinn einnig aðgang að tveimur kennsluráðgjöfum sem hægt er að leita til ef aðlaga þarf kennslu eða gera breytingar til að koma betur til móts við fjölbreyttar þarfir nemenda. Fylla þarf út umsókn um aðkomu kennsluráðgjafa. Kennarar, stjórnendur eða foreldrar geta óskað eftir aðkomu kennsluráðgjafa inn í málefni einstaka nemenda eða bekkjardeilda.

Skólaheilsugæsla

Súsanna María Kristinsdóttir hjúkrunarfræðingur starfar sem skólahjúkrunarfræðingur skólans. Hún verður við í vetur á þriðjudögum í skólanum frá kl. 9.00 – 12.30 og á fimmtudögum kl. 8:20 – 12:00. Skipulagðar skólaskoðanir eru hjá 1., 4., 7. og 9. bekkjum þar sem fylgst er með hæð, þyngd og sjón. Skólahjúkrunarfræðingur sér um framkvæmd þeirra. Auk þess verða nemendur í 7. bekk bólusettir gegn rauðum hundum, mislingum og hettusótt (ein sprauta). Stúlkum í 7. bekk býðst einnig HPV bóluefni sem veitir vörn gegn leghálskrabbameini (2 sprautur). Nemendur í 9. bekk verða bólusettir gegn mænusótt, barnaveiki og stífkrampa (ein sprauta). Skólahjúkrunarfræðingur sér um framkvæmd bólusetningarinnar í samstarfi við Heilsugæsluna. Nemendum verður boðið upp á heilbrigðisfræðslu sem byggir á fræðsluefni um 6H-heilsunnar en það eru: **hollusta, hreyfing, hreinlæti, hugrekki, hamingja og hvíld**. Eftir fræðslu fá börnin fréttabréf með sér heim sem foreldrar geta lesið.

Foreldrafélag

Við skólann er starfandi foreldrafélag. Tilgangur félagsins er að koma á lifandi sambandi milli skólans og heimila nemenda. Auk þess stuðlar félagið að framkvæmdum sem eru skólanum og nemendum hans til góðs, en liggja e.t.v. í láginni vegna fjárskorts eða af öðrum ástæðum. Foreldrar/forráðamenn nemenda í skólanum eru sjálfkrafa skráðir í foreldrafélagið, en valkvætt er að greiða félagsgjöld til félagsins. Markmið félagsins er einnig að afla foreldrum/forráðamönnum nemenda betri þekkingar og skilnings á þeirri vinnu sem af nemendum er krafist innan skólans og hvernig árangri verði best náð. Til að ná þessum markmiðum er ætlunin m.a. að halda fræðslufundi um uppeldismál, aðstoða nemendur við félagsstörf og vera vettvangur umræðna um ýmsar þarfir skólans er snerta búnað innanhúss og utan. Einnig er vinnur foreldrafélagið að því að samstarf foreldra og skóla sé lifandi og samtal reglulegt varðandi nám og aðstæður nemenda í skólanum. Aðalfundur Foreldrafélagsins er haldinn í september ár hvert. Stjórn foreldrafélagsins fundar einu sinni í mánuði og stendur fyrir 4-5 viðburðum t.d. jólaföndri, fræðslufundi fyrir foreldra, páskaeggjaleit, öskudagsballi og bekkjarkvöldum.

Stjórn foreldrafélagsins

Hildur M Jónsdóttir, formaður, hmhj85@gmail.com
Hallfríður Snorradóttir, gjaldkeri, hallfridur.snorradottir@gmail.com
Elín Ósk Jónsdóttir, meðstjórnandi, elinoskjons@hotmail.com
Sigrún Elva Guðmundsdóttir, meðstjórnandi, sigrun4@gmail.com
Ingibjörg S. Sæmundsdóttir, meðstjórnandi, ingibjorg1987@gmail.com
Ása Berglind Hjálmarsdóttir, viðburðartengill, asaberglind@gmail.com
Ásta Kristín Ástráðsdóttir, fulltrúi skólans, astaka3029@gmail.com



Samstarf leikskóla og grunnskóla

Samstarfs leikskólans Bergheima og Grunnskólans í Þorlákshöfn er í nokkuð föstum farvegi. Á haustin funda stjórnendur skólanna ásamt deildarstjórum og umsjónarkennurum. Nemendur í 1. bekk og elstu börn leikskólans vinna ákveðin samstarfsverkefni einnig eru nemendaheimsóknir milli skólanna og nokkrar sameiginlegar uppákomur sem þá fleiri nemendur koma að. Samstarf þessara tveggja menntastofnanna er mikilvægt ekki síst til þess að bil milli skólagöngu nemenda í leik- og grunnskóla verði brúað á farsælan hátt fyrir nemendur.

Smellið hér til að sjá nánara yfirlit: [Samtarfsáætlun leik- og grunnskóla 2018-2019](#)

Frístund – lengd viðvera

Forstöðumaður frístundar er Sigríður Ósk Jensdóttir fristund@olfus.is

Hlutverk frístundaheimilis

Frístundaheimilið býður upp á fjölbreytt tómsundastarf þegar hefðbundnum skóladegi 6 – 9 ára barna lýkur. Starfið einkennist jafnt af skipulögðum sem og frjálsum leik. Innra starf frístundaheimilisins, svo sem dagskrá, viðfangsefni og samstarf við utanaðkomandi aðila fer eftir aðstæðum hverju sinni.

Þjónusta við börn með sérþarfir er skipulögð í frístundaheimilinu í samvinnu við foreldra, skóla og fagaðila er tengjast börnunum.

Sé þess óskað munu starfsmenn frístundaheimilis sjá um að koma börnum í frjálst starf utan skóla (s.s. íþróttæfingar, tónlistarskóla o.fl.).

Tilkynna þarf starfsmönnum þetta sérstaklega og skrá á umsóknareyðublað.

Opnunartími

Frístundaheimilið er opið eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur kl. 13:00 til kl. 17:00 alla virka daga. Sami opnunartími er á foreldradögum og starfsdögum. Í jóla- og páskafríum er opnunartími frá kl. 08:00 til kl.12:00. Frístundaheimilið er lokað í vetrarfríum grunnskólans og á haustþingsdegi (sjá skóladagatal).

Innritun - uppsagnir

Foreldrar/forráðamenn innrita börn sín í upphafi skólaannar. Hægt er að innrita á heimilið oftast enda greiði viðkomandi fullt - eða hálf gald fyrir hvern byrjaðan mánuð, eftir þeim reglum sem gilda um vistunarkostnað.

Ef þjónustu er sagt upp skal það gert fyrir 15. hvers mánaðar og tekur uppsögnin gildi um næstu mánaðamót.

Allar breytingar á umsóknareyðublaði skal tilkynna til starfsmanna.

Frístundaheimilið er staðsett í Suðurvör í Grunnskólanum í Þorlákshöfn. Að öðru leyti er húsnæði skólans samnýtt í samráði við skólastjórnendur s.s. sérgreinastofur, hátíðarsalur og salur.

Einnig er sá möguleiki fyrir hendi að starfsfólk frístundaheimilis nýti íþróttahús og félagsmiðstöð í samráði við starfsfólk á hvorum stað.

Gjaldskrá 2017

Vistun frá lokum skóladags til kl. 17:00 kr. pr./mánuð 13.115,-

Vistun frá lokum skóladags til kl. 16:00 kr. pr./mánuð 8.025,-

Vistun frá lokum skóladags til kl. 15:00 kr. pr./mánuð 5.350,-

Veittur er systkinaafsláttur 25% með öðru barni og 50% með þriðja barni.

Systkinaafsláttur nær yfir þjónustu Frístundaheimilis, leikskólaþjónustu og þjónustu dagforeldra. Ef barn er hjá dagforeldri og systkin þess á leikskóla/Frístundaheimili er systkinaafsláttur veittur af leikskólagjaldinu/Frístundaheimilisgjaldinu.



Foreldrum sem stunda dagnám er veittur afsláttur af gjaldi Frístundaheimilis og greiða þeir samkvæmt forgangsgjaldi sem er greiðsla fyrir börn einstæðra foreldra og nemur afslátturinn 30% af fullu gjaldi.

Einstæðir foreldrar njóta ekki jafnframt námsmannaafsláttar.

(Ath. afsláttur af gjaldi Frístundaheimilis er aðeins veittur ef viðkomandi stundar nám sem er a.m.k. 24 ECTS einingar á önn). Sækja þarf um afsláttinn til skólastjóra fyrir skólaárið og leggja fram staðfestingu frá skóla um að viðkomandi hafi fengið skólavist og staðfestingu á fjölda eininga á önn. Afslátturinn fellur sjálfkrafa niður í lok maí. Sækja þarf um niðurfellingu fyrir 1. september, ásamt því að endurnýja fyrri umsóknir.

Fæði

Síðdegishressing. Starfsmenn frístundaheimilis munu hafa umsjón með hádegismat og síðdegishressingu.

Klæðnaður

Börn eiga að vera klædd eftir veðri, þ.e. í regnfötum þegar það á við o.s.frv. Yfirleitt er alltaf farið út að leika sér, bæði frjálst eða samkvæmt skipulagi.

Nemendur

Val nemenda í 8. - 10. bekk

Nemendur í 8. - 10. bekk eiga að vera með samtals 37 kennslustundir á viku samkvæmt viðmunarstundaskrá. Kjarninn er 30 stundir, sem ákveðinn er fyrirfram, en nemendur fá að velja 7 stundir. Valgreinar eru kenndar eftir hádegi og leitast er við að koma til móts við fjölbreytt áhugasvið nemenda hvað varðar sköpun, hreyfingu og listnám. Meðal valgreina eru: dans, kór, íþróttir og útvist, smíðar, textíl, myndmennt, jóga, skrautskrift, vinnustofuval, forritun, leikskólaval og leiklist.

Ef nemendur stunda reglulegar tómstundir t.d. tónlistarnám, viðurkennt æskulýðsstarfi (t.d. skátastarfi, nemendaráði/félagi eða björgunarsveit) eða í íþróttafélagi, og þar með í skipulögðu starfi, mega þeir draga allt að tvær kennslustundir af valtímum sínum.

Skólakór

Tveir skólakórar eru starfandi þetta skólaárið.

Yngri barnakór er fyrir nemendur í 2. – 4. bekk og eru allir velkomnir á æfingar kórsins. Æfingar eru á föstudögum kl. 13:00 – 13:40. Stjórnendur kórsins eru Gestur Áskelsson og Sigprúður Harðardóttir.

Skólakór fyrir nemendur í 5. – 10. bekk er starfræktur við skólann. Æfingar eru á miðvikudögum kl. 13:00- 14:20. Stjórnendur kórsins eru Gestur Áskelsson og Sigríður Kjartansdóttir.



Náms- og starfsráðgjafi

Náms- og starfsráðgjafi Grunnskólans í Þorlákshöfn er Unnur Ásbergisdóttir í 70% starfshlutfalli.

Hlutverk náms- og starfsráðgjafa samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla eru að vinna með nemendum, foreldrum, kennurum, skólastjórnendum og öðrum starfsmönnum skólans að ýmiss konar velferðarstarfi er snýr að námi, líðan og framtíðaráformum nemenda.

Aðstoð náms- og starfsráðgjafa felst meðal annars í að:

- Liðsinna nemendum við að finna hæfileikum sínum, áhugasviðum og kröftum farveg.
- Veita nemendum aðstoð við að leita lausna ef vandi steðjar að í námi þeirra eða starfi í skólanum.
- Aðstoða nemendur við að vinna úr upplýsingum um nám sitt og leiðbeina þeim við áframhaldandi nám og starf.
- Standa vörð um velferð og hagsmuni allra nemenda.
- Veita ráðgjöf um námstækni og skipulögð vinnubrögð.
- Veita persónulega ráðgjöf og stuðning .

Náms- og starfsráðgjafi er talsmaður nemenda og trúnaðarmaður. Hann er bundinn þagnarskyldu um einkamál þeirra en er undanþeginn þagnarskyldu þegar líf, heilsa og öryggi nemenda er í húfi. Einnig ef nemandi greinir frá lögbroti.

Félagslíf nemenda

Félagslíf nemenda verður með hefðbundnum hætti í vetur. Nemendaráð og íþróttanefnd stjórna félagslífinu í samráði við kennara. Ingvar Jónsson umsjónarkennari í 10. bekk stýrir starfi nemendaráðs í samvinnu við nemendur og Ingibjörg S. Sæmundsdóttir stýrir starfi íþróttaráðs í samvinnu við nemendur. Böll verða jafnt og þétt í allan vetur og munu þau aðallega vera í umsjón 10. bekkjar og nemendaráðs. En auk þess skipuleggur nemendaráð ýmsar upptökur fyrir nemendur bingó, skíðaferð, spilakvöld o.fl. Íþróttaráð skipuleggur íþróttadag og sér um skipulag í kringum skólahreysti.

Að vanda verður mikil vinna lögð í jóla kvöldvökur og árshátíðir en þessar skemmtanir verða í þrennu lagi, fyrir 1. - 4. bekk, 5. - 7. bekk og 8. - 10. bekk. Danssýning nemenda verður í maí og áætlað er að vera með listakvöld skólans í vor. Þá munu nemendur koma fram með ýmis skemmtiatriði. Kórarnir syngja, hljóðfæraleikar spila, leiklistarval sýnir verk auk þess sem sýninga á verkum nemenda í t.d. smíði, myndmennt, textíl o.fl. verða á dagskrá.

Nemendafélag. Lög um grunnskóla 2008 nr. 91 12. júní 10. gr.

Við grunnskóla skal starfa nemendafélag og er skólastjóri ábyrgur fyrir stofnun þess. Nemendafélag vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda og skal skólastjóri sjá til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Nemendafélag hvers skóla setur sér starfsreglur m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð skv. 2. mgr. 8. gr.

Nemendaráð

Nemendaráð 2018 – 2019 skipa:

Helga Ósk Gunnsteinsdóttir 10. bekk - formaður

Þrúður Sóley Guðnadóttir 10. bekk

Sigríður Fjóra Þórarinsdóttir 9. bekk

Erla María Ingólfssdóttir 9. bekk



Emma Hrönn Hákonisdóttir 8. bekk

Ernest Brulinski 8. bekk

Varamenn:

Björg Jökulrós Haraldsdóttir 10. bekk

Sandra K. Magnúsdóttir 10. bekk

Birgitta Björt Rúnarsdóttir 9. bekk

Ingunn Guðnadóttir 8. bekk

Íþróttaráð

Svanhildur Eik Ben Sigurðardóttir 10. bekkur - formaður

Ísak Júlíus Perdue 10. bekk

Svanur Þór Guðveigarson 9. bekk

Daníel Rúnarsson 9. bekk

Hildur Björk Gunnsteinsdóttir 8. bekk

Sigurður Björn Torfason 8. bekk

Varamenn:

Daníel Frans Valdimarsson 10. bekk

Kristófer Júlíusson 9. bekk

Matthías Geir Gunnarsson 8. bekk



Stoðþjónusta skólans

Stuðningur og sérkennsla

Mikill þroskamunur getur verið á nemendum innan hvers árgangs og einnig verulegur munur á einstökum þroskaþáttum hvers nemanda. Leitast er við að styrkja sjálfsmynd nemandans með því að leggja áherslu á sterkar hliðar hans en jafnframt að efla veikar hliðar á jákvæðan hátt. Markmið sérkennslunnar er ávallt að koma til móts við mismunandi þroska og þarfir nemenda með kennslu við hæfi hvers og eins.

Sérkennsla er fyrir nemendur sem þurfa stuðning eða sérstök úrræði í lengri eða skemmri tíma yfir veturinn. Sérkennslan er til að mæta þörfum einstaklinga þannig að markmið grunnskólalaga nái fram að ganga fyrir alla nemendur. Umsjónarkennarar skila mati á sérkennsluþörf nemenda sinna til sérkennara stoðþjónustu/skólastjóra fyrir lok skólaárs. Ef kennarar/forráðamenn hafa áhyggjur af gengi barns er sjálfsgagt að athuga hjá deildarstjóra stoðþjónustu hvaða úrræði eru í boði.

Sérkennslu og stuðningi við nemendur í Grunnskólanum í Þorlákshöfn er ýmist sinnt í litlum hópi í námsverum/sérkennslustofum eða að stuðningsfulltrúi/kennari kemur inn í kennslustund til aðstoðar við kennara. Einstaklingsnámskrá er gerð fyrir þá sem víkja marktækt frá jafnöldrum í námi. Að gerð einstaklingsnámskráa koma alla jafna umsjónarkennari, sérkennari eða annað starfsfólk stoðþjónustu. Umsjónarkennari ber ábyrgð á gerð einstaklingsnámskrár fyrir nemendur sína.

Þeir starfsmenn skólans sem koma einkum að stoðþjónustu skólans eru sérkennari, þroskaþjálfar, kennari nýbúadeildar, námsráðgjafi og stuðningsfulltrúar. Deildarstjóri stoðþjónustu, Ragnildur Þorsteinsdóttir, sér um að skipuleggja stoðþjónustu. Einnig veitir hún kennurum, foreldrum eða öðrum sem koma að starfi með nemendum ráðgjöf.

Skimanir 2018 -2019

Eftirtaldar skimanir eru hóp- og færniþróf og eru lögð fyrir árganga sem hér segir:

Bekkir	þróf	Hvenær
1.bekkur	Stafaþekking Tove Krogh,teikniþróf Lesferill, lesskimun Lesferill, lesfimi Hreyfiþroskaþróf	september sept. og maí október sept., jan., maí jan./feb.
2.bekkur	Lesferil,lesfimi Stafsetning(Aston Index)	sept.,jan.,maí október
3.bekkur	Lesferill, lesfimi Stafsetning (Aston Index) Talnalýkill- stærðfræði Orðarún	Sept., jan., maí Október september Október og apríl
4.bekkur	Lesferill, lesfimi Stafsetning (Aston Index) Orðarún	sept., jan., maí október október og apríl
5.bekkur	Lesferill, lesfimi Stafsetning (Aston Index) Talnalýkill- stærðfræði Orðarún	Sept., jan., maí október október október og apríl



6.bekkur	Lesferill,lesfimi Stafsetning (Aston Index) Orðarún	Sept., jan., maí október október og apríl
7.bekkur	Lesferill, lesfimi Stafsetning (Aston Index) Orðarún	Sept., jan., maí október október og apríl
8.bekkur	Lesferill ,lesfimi Talnalykill-stærðfræði Orðarún	Sept., jan., maí sept./okt. október og apríl
9.bekkur	Lesferill, lesfimi Stafsetning- GPR-14	sept., jan., maí október
10.bekkur	Lesferill, lesfimi	sept., jan., maí

Þessi próf eru greiningartæki og eru leiðbeinandi og unnið er með niðurstöður með kennurum og foreldrum.

Bjarg

Bjarg er námsver fyrir nemendur sem eiga erfitt með að stunda nám sitt alfarið inni í bekk. Nemendur er undir umsjón umsjónarkennara, en stunda nám sitt að hluta til eða nánast alfarið í minni námshópi í sér stofu undir leiðsögn þroskapjálfa, íþróttakennara og stuðningsfulltrúa. Með þessu er leitast við að veita nemendum með sérþarfir, námshvatningu og atferlismótandi námsumhverfi við hæfi. Jafnframt eru nemendur Bjargs hvattir til jákvæðra samskipta og leitast er við að gera skólagönguna ánægjulega og árangursríka. Nemendur fylgja sérstakri myndrænni stundaskrá og verkefnum eru unnin í styttri lotum með tilbreytingu á milli. Bjarg er heimastofa nokkurra nemenda sem sækja einnig tíma með sínum bekk eða með ákveðnum hópi miðað við aðstæður hverju sinni. Þrátt fyrir sérúrræði taka flestir nemendur fullan þátt í öðru skólastarfi og fá tækifæri til að sýna ábyrga framkomu í leik og starfi. Litið er á úrræðið sem tímabundið en lokamarkmiðið er að nemendum miði áfram og komi til með að taka sífellt aukinn þátt í almennu bekkjarstarfi.

Í Bjargi er unnið eftir gagnreyndum aðferðum, meðal annars hugmyndafræði um skipulagða kennslu, sem er viðurkennd aðferð í kennslu vegna nemenda á einhverfurofi og þeim sem glíma við hegðunar- og námserfiðleika sem og þroskafrávik. Ávinningurinn við að beita þessari kennsluaðferð er að nemendur öðlist betri einbeitingu og úthald í verkefnum og nái betri sjálfstjórn. Bjarg nýtist einnig þeim nemendum sem þurfa að vera í nokkra tíma í viku eða í stuttan tíma yfir skólaárið til að þjálfa til dæmis félagsfærni en eru að öðru leyti inni í bekk. Í Bjargi starfa þroskapjálfi, íþróttakennari og stuðningsfulltrúi sem skipuleggja starfið í samvinnu við deildarstjóra stoðþjónustu. Ávallt er unnið með málefni nemenda sem eru í Bjargi í nemendateymi.

Nemendateymi


Í einstaka málum eru teymi um nemendur með náms- og/eða hegðunarörðugleika svo að utanumhald um mál nemandans verði öruggara og skilvirkara.

Meðlimir teymisins hittast reglulega á fundum og meta stöðuna og leggja á ráðin. Í teyminu eru auk foreldra/forráðamanna, umsjónarkennari og aðrir sem skólinn tilnefnir eftir aðstæðum (sérkennari/stjórnandi/stuðningsfulltrúi), auk fulltrúa skólaþjónustu og annarra aðila sem mikilvægt er að komi að skólagöngu viðkomandi nemanda (Skólasel, BUGL, GRR). Teymisstjóri (sérkennari eða stjórnandi) boðar til funda og ákveður tíðni þeirra. Eldri nemendur eða nemendur sem hafa þroska til er einnig gefinn kostur á að sitja í eigin nemendateymi.



Markmið nemendateymis er að:

- Leita leiða til að móta og samhæfa markvissa vinnu til að auðvelda skólagöngu og gera hana eins árangursríka og kostur er.
- Veita kennurum og foreldrum stuðning og ráðgjöf vegna nemenda.
- Stuðla að aukinni samvinnu heimilis og skóla varðandi lausnir fyrir umrædda nemendur.
- Meta þarfir nemandans með hliðsjón af margvíslegum upplýsingum um hann.



Sjálfsmat – Innra mat

Samkvæmt lögum um grunnskóla er öllum skólum skylt að meta skólastarfið, þ.á.m. kennslu- og stjórnunarhætti, samskipti innan skólans og tengsl við aðila utan hans. Undanfarin ár hafa starfshópar í Grunnskólanum í Þorlákshöfn unnið fjölbreyttar kannanir sem miða að því að skoða líðan nemenda og starfsfólks, svo og viðhorf foreldra til skólans. Niðurstöður þessara kannana hafa gefið stjórnendum og starfsfólki margar gagnlegar vísbendingar og reynt hefur verið að taka á þeim þáttum sem betur mega fara samkvæmt könnunum.

Stolt hvers samfélags á að vera að hafa skólastarfið sem allra best og að skólinn sé staður þar sem öllum líður vel. Markmið sjálfsmatsvinnunnar er að leita uppi veikleika og vandamál í þeim tilgangi að leita lausna. Þeirri vinnu lýkur aldrei.

Samkvæmt lögum um grunnskóla skal við hvern skóla starfa sjálfsmatsnefnd. Nefndinni er skylt að meta skólastarfið, þ.á. m. kennslu- og stjórnunarhætti, samskipti innan skólans og tengsl við samstarfsaðila hans. Skólinn er í samstarfi við Skólapúlsinn varðandi kannanir fyrir nemendur, foreldra og starfsmenn.

Í sjálfsmatskýrslu má finna umbótaáætlun vetrarins sem unnin er út frá niðurstöðum sjálfsmats fyrri skólaárs.



Sjálfsmatsnefnd

Jónína Magnúsdóttir, aðstoðarskólastjóri

Ásta Kristín Ástráðsdóttir, kennari

Unnur Erla Malmquist, kennari

Sigprúður Harðardóttir, kennari

Rán Gísladóttir, bókavörður

Sjálfsmatsnefndin starfar undir handleiðslu Jónínu Magnúsdóttur aðstoðarskólastjóra.

Áætlun sjálfsmatsnefndar

Ákveðið hefur verið að á skólaárinu 2018 – 2019 verði lagðar fyrir þrjár kannanir á vegum Skólapúlsins.

- Nemendakönnun, október og mars
- foreldrakönnun, mars

Sjálfsmatsskýrslu ásamt umbótaáætlun má finna á heimasíðu skólans eða með því að smella [hér](#)



Skólareglur

Skólareglur skólans voru unnar skólaárið 2016-2017. Þær voru unnar í samvinnu með starfsfólki, nemendum og foreldrum.

SKÓLAREGLUR

VINÁTTA • VIRÐING • VELGÆNGNI

OKKAR HLUTVERK ER AÐ:

- Sýna hvert öðru fyllstu kurteisi, tillitssemi og virðingu og koma fram af þrúðmennsku.
- Leggja okkur fram við nám og störf, mæta á réttum tíma í skólann og vera á skólalóðinni á skólatíma.
- Koma með heilsusamlegt nesti í skólann og tileinka okkur heilsusamlegt líferni.

VIÐ EIGUM ALDRÉI AÐ:

- Reykja og/eða neyta hvers kyns vinnuféna í skólanum, á skólalóðinni, í ferðum eða á skemmtunum á vegum skólans.
- Beita ofbeldi eða leggja í einelti.

HVAÐ GERIST EF SKÓLAREGLUR ERU BROTNAR?

Við brot á skólareglum ræðir viðkomandi starfsmaður eða umsjónarkennari við nemandann um brotið.	Kennari hefur samband við foreldra, lætur umsjónarkennara vita og skráir í Mentor.
Umsjónarkennari boðar nemanda og foreldra í viðtal.	Umsjónarkennari boðar nemanda og foreldra í viðtal með skólastjórnanda.

Við alvarleg og ítrekuð brot getur nemanda verið vísað úr skóla á meðan mál hans er í vinnslu.

Sbr. 4 mgr. 14 gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008 og 4 mgr. 12 gr. reglugerðar um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum nr. 104/2011

GRUNNSKÓLINN Í ÞORLÁKSHÖFN



Almennar reglur

ALMENNAR REGLUR

- Nemendur fara úr útiskóm í skólanum og geyma í hillum í forstofu.
- Nemendur hengja yfirhafnir á snaga fyrir utan kennslustofur.
- Nemendur ganga og sýna þrúðmennsku á göngum skólans.
- Nemendur fara út í frímínútur og klæða sig eftir veðri. Útvera er frjálst val í 8 - 10 bekk.
- Nemendum er heimilt að koma á hjólum, hlaupahjólum eða hjólabrettum í skólann og nota á ákveðnu svæði. Tækin eiga að vera í hjólagrindum við skólann. Skólinn tekur ekki ábyrgð á hjólum eða öðrum tækjum. Nemendur eru hvattir til að læsa hjólum sínum. Samkvæmt lögum eiga börn undir 14 ára aldri að nota reiðhjólahljálma.
- Vél- eða rafknúin farartæki eru ekki leyfileg á skólaöldinni á starfstíma skólans og frístundar. Heimilt er að koma á heim í skólann og leggja á tilgreint svæði.
- Snjókast er aðeins heimilt á afmörkuðu svæði við skólann. Aldrei má kasta í átt að skólanum eða í lá sem ekki eru káttakendur í snjókast.
- Nemendur fara í biðröð við matsal og fara eftir heim reglum sem þar hafa verið settar varðandi hegðun, umgengni og annað.
- Ef nemendur eru keyrðir í skólann skulu foreldrar stöðva bífreid sína í rennum við Egilsbraut eða við Íþróttamiðstöð en ekki á bílastæði starfsmanna. Það getur skapað hættu.

REGLUR UM SÍMA- OG SNJALLTÆKJANOTKUN Í SKÓLANUM

1. Nemendur í 1 - 7 bekk eru ekki með síma í skólanum. Ef nemendur hafa að koma með síma á að vera slökkt á honum á skólatíma og hann geymdur í skólatösku.
2. Nemendur í 8 - 10 bekk mega koma með síma í skólann en þeir skulu geymdir í læstri hirslu hjá kennara fram að hádegis. Heimilt er að nýta lá í verkefnavinnu með leyfi kennara.
3. Á ferðalögum og í vettvangsferðum á vegum skólans geta nemendur verið með síma fari þeir eftir heim reglum sem starfsfólk í viðkomandi ferð setur hverju sinni.
4. Ef nemendur fara ekki eftir þessum reglum getur starfsmaður skólans tekið símann og farið með hann á skrifstofu skólans. Við fyrsta brot fær nemandi símann afhentan í lok dags. Ef brotin eru ítrekuð verður haft samband við forráðamann og hann hefur að sækja símann í skólann.
5. Nemendur sem ljósa að koma með síma, tölvur eða annan búnað í skólann bera sjálfir ábyrgð á honum. Tjón vegna hjófnáðar eða skemmda á búnaði er ekki bætt af hálfu skólans.

GRUNNSKÓLINN
Í ÞORLÁKSHÖFN



Meðferð agamála

Meðferð agamála og viðurlög við brotum á skólareglum

Eineltismál og önnur ofbeldismál eru umsvifalaust tekin fyrir. Önnur mál þurfa oft að fara í ákveðinn vinnuferil (sjá 1.-3. stig). Líkamlegar refsingar eru óheimilar. Starfsmönnum skóla er óheimilt að neyta aflsmunar nema nauðsyn krefji til að stöðva ofbeldi eða koma í veg fyrir að nemandi valdi sjálfum sér eða öðrum skaða eða eignatjóni. Í tilvikum sem þessum skal ávallt greina foreldrum/ forráðamönnum tafarlaust frá málavöxtum.



Símenntunaráætlun

Skólum er skylt að gera símenntunaráætlun sem gerir ráð fyrir þátttöku starfsmanna. Mikilvægt er að allir fái tækifæri til að eflast í starfi og styrkja fagvitund sína. Áætlunin er lögð fyrir starfsmenn og nauðsynlegt að sátt sé um innihald hennar.

Símenntun fer fram á reglulegum fundum starfsfólks, starfsdögum en einnig á starfstíma skóla þar sem nokkur hluti starfsmanna sækir námskeið og/eða nám til að styrkja sig í starfi. Þriðjudagar og fimmtudagar eru sameiginlegir fundartímar á starfstíma skóla. Þeir tímar eru oft nýttir fyrir námskeið en þau geta einnig orðið á öðrum tíma á dagvinnutíma. Fundaráætlun með nákvæmum tímasetningum er birt í lok hvers mánaðar fyrir komandi mánuð. Þá sækja einnig einstaka starfsmenn símenntun sem eiga sérstaklega við þeirra starf og eflir þá í starfi. Nokkrir starfsmenn eru í námi með vinnu, framhaldsnámi í háskóla og námi til stuðningsfulltrúa.

Aðdragandi og undirbúningur

Á hverju vori fara fram starfsmannasamtöl. Í þeim samtölum er rætt um símenntun og hvernig starfsmenn þróa sig áfram í starfi. Óskir varðandi námskeið eða fræðslufundi sem skólinn sinnir eru einnig ræddar í þessum samtölum. Óskir þessar eru hafðar til hliðsjónar við gerð símenntunaráætlunar.

Þá er skólum einnig skylt að vinna að innra mati og í kjölfarið gera endurbótaáætlun varðandi þá þætti sem styrkja þarf. Endurbótaáætlun sem fram kemur í sjálfsmatsskýrslu er einnig höfð til hliðsjónar við vinnu að símenntunaráætlun.

Grunnskólinn í Þorlákshöfn er aðili að Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings. Á hverju skólaári býður skólalæranustan upp á námskeið fyrir starfsfólk skólanna. Skipulag og innihald þeirra námskeiða og fræðslufunda er í samráði við skólastjórnendur skólanna á svæðinu.

Markmið

Markmið símenntunaráætlunar eru:

- Að starfsmenn fái tækifæri til að taka þátt í símenntun sem eflir þá í lífi og starfi.
- Að starfsmenn fái tækifæri til að þróa starf sitt í takt við breytingar og þróun sem verður í tengslum við kenningar um nám og þroska barna.
- Að styrkja tengsl innan starfsmannahópsins.
- Að þróa starf skólans og innleiða vinnubrögð og viðhorf sem efla skólamenningu og starf skólans.
- Að skapa lærdómssamfélag í skólanum þar sem fagfólk lærir hvert af öðru og kynnir sér með gagnrýnum huga kenningar um nám og þroska barna.

Leiðir að markmiðum

Til þess að mæta fjölbreyttri símenntunarbörf skólans eru námskeið og fræðslufundir í upphafi skólaárs en einnig á starfstíma skólans. Fundir í starfsmannahópnum eru einnig nýttir til þess að skapa lærdómssamfélag þar sem fólk deilir hugmyndum og lærir hvert af öðru.

Á fundartímum er oft boðið upp á fræðslufundi sem tengjast þeim viðfangsefnum sem þarf að taka fyrir hverju sinni. Þá eru starfsdagar einnig nýttir til starfsþróunar og símenntunar. Á starfstíma skóla eru einnig skipulögð námskeið á vegum Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings sem falla inn í símenntunaráætlun skólans.

Starfsþróun og símenntun kennara 10. gr í kjarasamningi.

Starfsmaður ber ábyrgð á að viðhalda þekkingu sinni og færni með þátttöku á ráðstefnum, sí- og starfsþróunarnámskeiðum, viðurkenndu framhaldsnámi og með eigin starfsþróunaráætlun. Kennarar yngri en 30 ára eru með 150 klst. í starfsþróun árlega. Kennarar 30-37 ára eru með 126 klst. og 38 ára og eldri eru með 102 klst.

Aðrar starfsstéttir hafa ákvæði um símenntun í kjarasamningum. Starfsfólk hvatt til að kynna sér ákvæðin.



Framkvæmdaráætlun

Ágúst

13. og 14. ágúst – endurmenntunardagar kennara. Námskeið um bekkjarstjórnun og teymiskennslu

13. ágúst -tölvunámskeið fyrir aðra starfsmenn en kennara.

15. -21. ágúst -Starfsdagar samráðsfundir um námsmat og lykilhæfni. Kennarar vinna saman og læra hver af öðrum

September

Fundir starfsmanna og kennara gefa tækifæri til símenntunar. Á dagskrá funda er m.a. fundur talmeinafræðings um málproskaraskanir, Söguganga um Þorlákshöfn með markmið grenndarkennslu í huga.

Hinsegin skóli – Margbreytileiki kynja, kynhlutverka og kynvitundar. Fræðslufundur á vegum skólaþjónustu.

Október

Fundir starfsmanna og kennara gefa tækifæri til símenntunar. Á dagskrá funda er m.a. fræðsla frá persónuverndarfulltrúa sveitarfélagsins um ný persónuverndarlög og þýðingu þess fyrir skólastarf. Haustþing Kennarafélags Suðurlands er í október og þar eru ýmsir fræðslufundir fyrir kennara. Fyrir aðra starfsmenn verður námskeið í samráði við Skólaþjónustu Árneshöfn. Á námskeiðinu verður farið yfir þýðingu þess að starfa í grunnskóla, skyldur og lög. Einnig verður farið yfir helstu ástæður hegðunarfrávika eins og ADHD og raskanir á einhverfurófi.

Námskeið á vegum Skema fyrir þá kennara sem taka þátt í verkefninu Forritarar Framtíðarinnar.

Fræðsla félagsráðgjafa um tilkynningaskyldu og vinnu barnaverndarmála.

Fræðslufundir á vegum Skóla- og velferðarþjónustu eru: Snerpusamtöl/starfsmannasamtöl fræðsla fyrir skólustjórnendur og samráðsfundir þeirra sem koma að stoðþjónustu skólanna á svæðinu.

Nóvember

Fundir starfsmanna og kennara gefa tækifæri til símenntunar. Á dagskrá funda er m.a. ¼ af grunnnámskeiði í Uppeldi til ábyrgðar. Einnig er fyrirhugað að kennarar í meistaranámi deili með öðrum kennurum og segi frá námi sínu.

Á vegum skólaþjónustu er samráðsfundur þeirra sem koma að stoðþjónustu skólanna á svæðinu.

Menntabúðir Suðmennt í Bláskógaskóla.

Desember

Fundir starfsmanna og kennara gefa tækifæri til símenntunar.

Janúar

Fundir starfsmanna og kennara gefa tækifæri til símenntunar. Uppeldi til ábyrgðar grunnnámskeið fyrir alla starfsmenn ¼ eða hálfur dagur frá kl. 13-16:00. Fræðslu- og vinnufundur um lykilhæfni og mat.

Fræðslufundir á vegum Skóla- og velferðarþjónustu Árneshöfn. Sem auglýstir verða.



Febrúar

Fundir starfsmanna og kennara gefa tækifæri til símenntunar.

Fræðslufundir á vegum Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls sem auglýstir verða.

Mars

Fundir starfsmanna og kennara gefa tækifæri til símenntunar.

Fræðslufundir á vegum Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls sem auglýstir verða.

Menntabúðir Suðmennt.

Apríl

Fundir starfsmanna og kennara gefa tækifæri til símenntunar

Fræðslufundir á vegum Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls sem auglýstir verða.

Mái

Fundir starfsmanna og kennara gefa tækifæri til símenntunar.

Námsferð starfsfólks til Belgíu. Farið í heimsókn í tvo skóla sem gefur tækifæri til að læra. Áhersla á að skoða stefnur í uppeldis- og samskiptamálum.

Fræðslufundir á vegum Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls sem auglýstir verða.

Júní

Fundir starfsmanna og kennara gefa tækifæri til símenntunar.

Fundir á starfsdögum í júní gefa tækifæri til símenntunar. Uppeldi til ábyrgðar

Fræðslufundir á vegum Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls sem auglýstir verða.

